

Landbúnaðarnefnd

29. ágúst 2003

Fundur var haldinn í landbúnaðarnefnd 29. ágúst 2003 kl: 10:00.
Mæting samkvæmt undirskriftum.

Formaður lagði fram fjárhagsáætlun fyrir fjallskilasjóð fyrir árið 2003. Niðurstöðutala er 1.262.486,00 og var hún samþykkt.

Gjald á einingu hækkar úr 180 kr. í 185 kr. og landgjald úr 40 kr. í 42 kr. vegna fækkunar. Gagnakaup eru óbreytt.

Fram kom að ekki var talið á tveimur bæjum og verða teknar gildar uppgæfnar tölur úr forðagæsluskýrslum.

Ákveðið var að göngur byrji 7. september 2003. Aðalréttin verði 14. september 2003. Hrossaréttin verði 21. september 2003 og eftirleitir verði 27. og 28. september 2003.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Jakobína Halldórsdóttir
Gauti Jónsson
Anna Margrét Jónsdóttir